

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Snorrasjóð 1930.

1. gr.

Snorrasjóður er stofnaður af gjöf, að upphæð 100 þúsund norskar krónur, er norska ríkið færði Íslandi að gjöf á þúsund ára afmæli Alþingis, samkvæmt ályktun Stórþingsins 13. marz 1930 og bréfi staðfestu af konungi Nor-egs 19. júní 1930.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er einkanlega að styrkja islenzka námsmenn og fræðimenn til lærdóms og vísindaiðkana í Noregi. Stúdentar og kandidatar, sem leggja stund á norræn fræði, og fræðimenn, sem hafa með höndum ákveðin verkefni úr norrænni sögu og bókmenntum, skulu að öðru jöfnu ganga fyrir. Þó má veita styrk úr sjóðnum stúdentum og öðrum námsmönnum, er stunda nám við háskólann í Osló, Bergens Museum, Verkfræðaháskólann í Niðarósi, landbúnaðarháskólann í Ási og aðrar jafngildar vísindastofnanir í Noregi.

Nú þykir eigi ástæða til þess að verja öllu handbæru fé sjóðsins á þennan hátt, og er þá heimilt að veita afganginn til þess að styrkja útgáfu vísindalegra rita um norræna sögu og bókmenntir.

3. gr.

Forsætisráðherra Íslands hefir á hendi stjórn sjóðsins.

4. gr.

Sjóðinn skal jafnan ávaxta í Búnaðarbanka Íslands, verðbréfum hans og sparisjóði, og hefir Búnaðarbankinn á hendi reikningshald sjóðsins, sjóðnum að kostnaðarlausu.

5. gr.

Á hverju ári má úthluta $\frac{3}{4}$ vaxta sjóðsins, $\frac{1}{4}$ vaxtanna skal jafnan leggja við innstæðuna.

6. gr.

Auglýsingar um styrk úr sjóðnum skal birta í Lögbirtingablaðinu. Umsóknir um styrk skulu komnar til Stjórnarráðsins fyrir 1. júlí. Styrkur veitist í fyrsta sinn árið 1931.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga sjóðsins og skýrslu um hverjir notið hafa skal birta í Stjórnartíðindunum.

Forsætisráðherrann, 31. marz 1931.

Tryggvi Þórhallsson.